

Hafnarfirði, 2. nóvember 2023

## **Breyting á deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut.**

Í breytingunni felst breyting á afmörkundeiliskipulagsins vegna nýs deiliskipulags Straumsvíkur sunnan Reykjanesbrautar. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut austan við lóð Álversins. Athugasemdir bárust.

Umsagnir frá stofnunum bárust:

### **1. Náttúrufræðistofnun 30. október 2023.**

Breytingin felur í sér rask á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Forðast skal eins og hægt er að raska hraunmyndunum og vanda frágang þannig að nýjar vegalagnir, undirgöng og lagnabelti falli vel að umhverfi sínu.

### **2. Umhverfisstofnun 29. september 2023**

Að mati Umhverfisstofnunar hefur og mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

### **3. Vegagerðin dags. 31. September 2023**

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir en vill benda á að skoða mætti að útauka deiliskipulagssvæðið við Íslallínu 2 vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsnets til að skapa meira svigrúm fyrir útfærslu göngu- og hjólastígs sem liggur meðfram Reykjanesbraut.

Veghelgunarsvæðið stofnvega er 30 m frá milínu.



**HAFNARFJÖRÐUR**

## **Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs**

Umhverfisáhrif þessarar breytingar eru talin fremur takmörkuð þar sem aðeins er verið að minnka skipulagssvæðið auk þess að bæta við undirgöngum fyrir akandi umferð auk lagnaleiðar. Helst mætti telja að jákvæð áhrif væru vegna aukins umferðaröryggis þar sem hægri beygja frá Reykjanesbraut fellur út.

Að öðru leiti skal hugað að því við útgáfu framkvæmdaleyfa að gerð verði krafa um fullnægjandi frágang við hin nýju undirgöng. Það má gera ráð fyrir hægt sé að nota núverandi yfirborðsefni við frágang til að fá fram ákveðinni endurheimt.

## **Berglind Guðmundsdóttir**

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2